

Ed.

381. Frumvörp

til laga um girðingar.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta, styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2\frac{1}{3}$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim girðingum og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Þegar um girðing á einstökum jörðum er að ræða, skal girðingin við ábúenda-skifti tekin út og fráfarandi skili girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarð-eigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðsláninu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjað-arins og girðingarinnar. Gaddavírspirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6 álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

A öllum girðingum skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Visvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykkt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða þeirra, er samþykktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþykktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfest-

ingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþykktin endursend án staðfestingar og fylgja henni þá synjunarástæður Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppssamþykkt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.